

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað.
Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 29. janúar 1917.

Nr. 56/1916.

Eggert Claessen
fyrir hönd The British North
Western Syndicate Ltd.
gegn
Birni Bjarnarsyni.

D ó m u r:

Á erfingjaskiftum framförum 13. og 14. ágúst 1904 eftir Benedikt Sveinsson sýslumann, var börnum hans, Kristínu Benediksdóttur og Einari Benediktsyni fyrverandi sýslumanni, úthlutað í arf, henni meðal annars jörðin Gröf í Mosfellssveit, og honum, meðal annars, »veiðiréttindi búsinis í vötnum og ám fyrir ofan Ellidaár með Hólmsá og Bugðu« Með afsalsbréfi dags. 6. marz 1905 seldi Kristín Benediktsdóttir jörðina Gröf stefnda í þessu máli, Birni hreppstjóra Bjarnarsyni, er þar býr nú, og með afsalsbréfi útgefnu í september 1910 seldi Einar Benediktsson fyrnefnd veiðiréttindi áfrýjanda þessa máls félaginu The British North Western Syndicate Ltd. í London. Leit félagið svo á, að það með afsalsbréfi þessu hefði eignast veiðirétt í ánum Hólmsá og Bugðu fyrir Graf-

arlandi, en stefndi hélt því hins vegar fram, að veiðirétturinn fyrir Grafarlandi hefði fylgt jörðinni, er hún var honum seld með fyrgreindu afsalsbréfi Kristínar Benediktsdóttur. Út af þessum ágreiningi höfðaði áfrýjandi mál gegn stefnda fyrir landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, og var það mál dæmt í merkjadóminum 9. okt. 1915 á þá leið, að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda. Þessi dómur var feldur úr gildi í yfirrétti 14. maí f. á. og málinu vísað frá merkjadómnum. Áfrýjandi yfirréttarmálaflutningsmaður Eggert Claessen höfðaði þá eftir umboði Einars Benediktssonar fyrir hönd The British North Western Syndicate Ltd. nýtt mál fyrir aukarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu til að fá viðurkendan með dómi eignarrétt félagsins að nefndum veiðirétti, og var það mál dæmt í aukaréttinum 6. sept. f. á. á þá leið, að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda og hann dæmdur til að greiða stefnda 30 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 18. seft. f. á. og krafist þess, að dómurinn verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að viðurkendur verði með dómi eignarréttur áfrýjanda að öllum veiðirétti í efri hluta Ellidaáanna, í svonefndri Bugðu og Hólmsá með Kirkjuhólmsá, og þar með eignarréttur áfrýjanda á öllum veiðirétti í téðum ám fyrir öllu landi jarðarinnar Grafar, sem nú nefnist Grafarholt í Mosfellssveit. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi krefst hins vegar að aukaréttardómurinn

verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Fyrir aukaréttinum mótmælti stefndi því, að félagið The British North Western Syndicate Ltd. sé nú til eða nokkurt lögformlegt félag með því nafni og þar af leiðandi að Einar Benediktsson, sem hefir gefið umboð til að höfða mál þetta, sé framkvæmdarstjóri félagsins eða hafi nokkurn löglegan rétt til að höfða mál þetta eða láta reka það, og þessi mótmæli endurtekur hann hér fyrir réttinum. — Stefndi hefir þó ekki mótmælt því, að félag þetta hafi verið til, og þar sem hann hefir engin rök fært fyrir því, að nefnt félag sé nú hætt að vera til, verða mótmæli hans hér að lútandi ekki tekin til greina, og mótmæli stefnda gegn málshöfðunarheimild Einars Benediktssonar verða heldur eigi tekin til greina, með því að hann hefir eigi fyrir undirrétti nægilega mótmælt þar framlögðu vottorði þriggja manna úr stjórn nefnds félags, um að Einar væri framkvæmdarstjóri félagsins og hefði heimild til að höfða eða láta höfða mál til að halda uppi réttindum þess hér á landi, og mótmæli stefnda hér fyrir réttinum gegn skjali þessu verða að teljast of seint framkomin.

Þá hefir stefndi hér fyrir réttinum talið það gagnstætt lögum, að málaflutningsmaður hafi mætt fyrir hönd áfrýjanda við sáttaumleitun í málinu, en þar sem hér er um útlent félag að ræða, sem á heima í London, og að sögn áfrýjanda, hefir hvergi skrifstofu nema þar, verður málinu ekki af þessari ástæðu visað frá dómstólunum, enda hefir áfrýjandi enga kröfu gert í þá átt.

Að því aðalefni málsins snertir, velta úrslit þess

á því, hvort veiðiréttur sá, er hér ræðir um, hefir við erfingjaskiftin á dánarbúi Benedikts sýslumanns Sveinssonar verið tekin undan jörðinni Gröf, nú Grafarholti, og þessi veiðiréttur útlagður heimildar-
manni áfrýjanda, Einari Benediktssyni.

Í nefndum skiftasamningi er Einari Benediktssyni, svo sem fram hefir verið tekið, meðal annars úthlutað »veiðiréttindi búsinis í vötnum og ám fyrir ofan Elliðaár með Hólmsá og Bugðu«. Heldur stefndi því fram, að þessi orð verði ekki skilin svo, að nefndur erfingi hafi þar með eignast veiðiréttinn í Hólmsá og Bugðu, fyrir Grafarholtslandi, því eftir orðanna hljóðan séu honum einungis úthlutað veiðiréttindi búsinis fyrir ofan Elliðaár með — ásamt með — Hólmsá og Bugðu, eða með öðrum orðum veiðiréttindi fyrir ofan Elliðaár og fyrir ofan Hólmsá og Bugðu. Þessi skilningur komi og heim við útleggið til erfingjans Kristinar Benediktsdóttur, því að henni sé útlögð jörðin Gröf og hvergi nefnt í skiftagerningnum að veiðiréttur jarðarinnar í Bugðu sé skilin frá jörðinni; þannig hafi og umboðsmaður Kristinar skilið skiftagerninginn, og hafi því selt sér jörðina án þess að taka undan veiðiréttinn í Bugðu. Þetta styrkist enn fremur við það, að í útleggi til erfingjans Ragnheiðar Benediktsdóttur séu henni útlögð veiðiréttindi í Korpúlfsstaðaá með Hafravatni og í Grafarvogi, og um þessi réttindi sé tekið fram, að þau séu fráskilin jörðum búsinis; í útlegginu til Einars Benediktssonar sé þar á móti ekki tekið fram að þau veiðiréttindi, sem þar ræðir um, séu tekin undan jörðum búsinis, og verði því að gera ráð fyrir, að þar sé átt við önnur veiðiréttindi en veiði í Bugðu.

fyrir Grafarlandi, sem sé veiðiréttindi í ám og vötnum, er falla í Elliðaárnar og þann hluta þeirra, sem nefnist Hólmsá og Bugða, svo sem í Elliðavatni, Vatnsendavatni, Hellisvatni og ánum Kirkjuhólmsá, Suðurá, Álnum, Fossavallaá og Selvatnsós. Veiðirétt í ánni Bugðu fyrir Grafarlandi kveðst stefndi hafa notað óátalið síðan hann keypti fyrnefnda ábylisjörð sína, og þegar umgetinn skiftagerningur hafi verið þinglesinn, 8 árum síðar en kaupbréf hans, hafi hann á manntalsþinginu til frekari tryggingar hreyft mótmælum gegn ákvæðum hans að því er umstefnd veiðiréttindi snertir, enda hafi hann þá verið orðinn þess visari að fyrnefndur Einar Benediktsson vildi telja sig hafa rétt til veiði í Elliðaánni Bugðu fyrir Grafarlandi.

Áfrýjandi mótmælir skilningi stefnda á umræddu ákvæði skiftagerningsins. Heldur hann því fram, að skilja beri þetta ákvæði á þá leið, að Einari Benediktssyni hafi verið útlagður veiðiréttur í vötnum og ám fyrir ofan ármót árkvíslanna Dimmu og Bugðu, eða fyrir ofan hinar eiginlegu Elliðaár, eins og þær í daglegu tali eru kallaðar, og þar á meðal í árkvíslinni Bugðu og Hólmsá. Heldur hann því og fram, að Kristínu Benediktsdóttur, sem seldi stefnda jörðina Gröf og Grafarkot, nú Grafarholt, hafi eigi verið úthlutað nein veiðiréttindi sem fylgjandi jörð þessari, heldur hafi þau tilfallið erfingjunum Ragnheiði og Einari, og þar sem standi í afsalinu til stefnda fyrir jörðinni Gröf, að hún sé seld og afsöluð með öllum réttindum og skyldum eins og seljandi hafi eignast hana, þá hafi það enga þýðingu gagn-

vart stefnda hvort skiftagerningurinn hafi verið þinglesin eða eigi, þá hann keypti jörðina eða hann þá verið þeirrar skoðunar að veiðirétturinn í Hólmsá og Bugðu fylgdi með í kaupunum, þaræf erfinginn, Kristín Benediktsdóttir, seljandi jarðarinnar, hafi ekki eignast veiðiréttinn við skiftin, og hún þá enga heimild hafi haft til að selja hann með jörðinni.

Samkvæmt hinum framlagða skiftagerningi er skiftum þannig hagað, að í útleggi I er erfingjanum Kristínu Benediktsdóttur úthlutað jörðin Gröf, Korpúlfsstaðir m. m., í útleggi III,10 er Ragnheiði Benediktsdóttur úthlutað: »af veiðiréttindum búsins í Korpúlfsstaðaá með Hafravatni og í Grafarvogi, fráskildum jörðum búsins í Mosfellssveit« m. m. og í útleggi IV,2 er Einari Benediktssyni útlögð »veiðiréttindi búsins í vötnum og ám fyrir ofan Elliðaár með Hólmsá og Bugðu« o. s. frv.

Þótt það að vísu sé eigi útilokað að skilja megi orðin »í vötnum og ám fyrir ofan Elliðaár með Hólmsá og Bugðu«, eins og stefndi heldur fram, þannig, að orðin þýði »í vötnum og ám fyrir ofan Elliðaár og fyrir ofan Hólmsá og Bugðu«, þá verður þó að álita að orðin »með Hólmsá og Bugðu« eftir almennri málvenju og staðháttum öllum verði að skiljast svo, að þar með sé meint í ám þessum, en ekki fyrir ofan þær eða meðfram þeim, eins og stefndi hefir og haldið fram. Eftir þessu hefir þá Einari Benediktssyni verið útlögð veiðiréttindi búsins í vötnum og ám fyrir ofan Elliðaár og í Hólmsá og Bugðu. Þar sem nú ekki er heimild til þess, svo sem gert er í hinum áfrýjaða dómi, að takmarka

Þennan veiðirétt til veiðiréttarins í ánni að sunnanverðu eða fyrir Elliðavatnslandi, sem skýrt er frá í málinu að búið hafi átt og tekinn hafi verið undan þeirri jörð, er hún á sínum tíma var seld af Benedikt Sveinssyni sýslumanni, verður að álíta að veiðirétturinn í Bugðu (og Hólmsá) fyrir Grafarholtslandi hafi einnig verið úthlutaður umræddum erfingja Einari Benediktssyni. — Þessari niðurstöðu getur það eigi raskað þótt veiðiréttindi þessi séu eigi nefnd sérstaklega sem fráskilin jörðinni Gröf, hvorki í útleggi Kristínar Benediktsdóttur eða í útleggi Einars Benediktssonar, með því að allur skiftagerningurinn verður að skoðast sem ein heild, og verður því útlegg hvers einstaks erfingja að ákveðast með þeim takmörkunum, sem leiða af öðrum ákvæðum skiftagerningsins, þar á meðal ákvæðinu um veiðiréttindi, sem útlögð voru Einari Benediktssyni, og það er heldur eigi þýðingarlaust í máli þessu, að erfingjarnir virðast hafa haft það fyrir fasta reglu að skilja veiðiréttinn frá jörðum búsins í Mosfellssveit.

Þar sem samkvæmt framansögðu ekki verður álitid, að Kristín Benediktsdóttir hafi eignast umræddan veiðirétt með jörðinni, gat hún heldur ekki selt jörðina með þessum rétti, og með því stefndi, eftir því sem á stóð, gat ekki með afsalsbréfi Kristínar öðlast frekari rétt, en hún hafði, ber að fella hinn áfrýjanda dóm úr gildi og dæma áfrýjanda eftir kröfu hans eignarrétt að öllum veiðirétti í ánni Bugðu fyrir Grafar, nú Grafarholts, landi.

Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Afrýjanda þessa máls, félaginu The British North Western Syndicate Ltd. ber allur veiðiréttur í efra hluta Elliðaáanna, í svonefndri Bugður og Hólmsá fyrir öllu landi jarðarinnar Grafar, nú Grafarholts í Mosfellssveit.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 5. febrúar 1917.

Nr. 62/1916.

Margrét Arnason

gegn

skiftaráðandanum í dánarbúð Ólafs Árnasonar, settum sýslumanni Eiríki Einarssyni, og fjárhaldsmanni og meðráðamanni barna Ólafs Árnasonar, þeim Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni og Jóni Þórarinssyni fræðslumálastjóra, og Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni f. h. Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur.

D ó m u r:

Áfrýjandi þessa máls, frú Margrét Árnason hér